

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Smiðju við Vonarstræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), þskj. 204, 187. mál.**

Íslandsdeild Amnesty International gerir ekki sérstakar athugasemdir um efni frumvarpsins en tekur undir athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Íslands, dagsettar 3. apríl 2025, um að ef komi upp tilvik þar sem önnur innlend löggjöf samræmist ekki ákvæðum laga SRFF að þá skuli ákvæði laganna um samninginn ganga frammar þeirri löggjöf. Deildin telur þá mikilvægt að innlend löggjöf verði sem fyrst uppfærð m.t.t. hinna alþjóðlegu skuldbindinga komi upp árekstrar.

Deildin tekur einnig undir það að vel færi á því að drögin áréttuðu að efnisákvæði samningsins skuli túlkuð í samræmi við almennar athugasemdir nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og niðurstöður hennar í kærumálum á grundvelli valfrjálsrar bókunar við samninginn.

Deildin tekur einnig undir áréttun ÖBÍ, dagsetta 8. apríl 2025, um að þótt lögfesting samningsins sé mikið framfaraskref sé ekki þar með sagt að með henni vinnist fullnaðarsigur í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Enn þurfi að tryggja að ríki og sveitarfélög uppfylli skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins.

Að lokum hvetur Íslandsdeild Amnesty International íslensk stjórnvöld til að fullgilda og lögfesta valfrjálsu bókunina við samninginn en árið 2016 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að fullgilda bókunina fyrir árslok 2017. Það er löngu tímabært að ljúka því verki.

Íslandsdeild Amnesty International ítrekar fyrri áminningar sínar um að við innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samningsins og við annað ákvörðunartökuferli varðandi málefni fatlaðs fólks, skuli aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna. Hvatt er til þess að ofangreint samráð sé tryggt við innleiðingu samningsins.

Íslandsdeild Amnesty International styður frumvarpið og fagnar hverju skrefi í átt að bættum mannréttindum og til tryggingar þeirrar réttarverndar sem fatlað fólk á rétt á.

Virðingarfyllst

Anna Lúðvíksdóttir  
Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International